

Steinunn Inga Óttarsdóttir

„En til hvers er að dvelja við slíka dagdrauma!“

Um Svein Pálsson

Fyrirlestur á degi umhverfisins, 24. apríl 2012 í Öskju

Um miðja átjándu öld og fram á þá nítjándu, þegar okkar ástkæri Sveinn Pálsson var upp á sitt besta, var bókstaflega allt að gerast! Hin svonefnda upplýsing var í algleymingi í stjórnsýslu, listum og trúarlífi, náttúrufræðin tóku stakkaskiptum með vísindalegum aðferðum, skilgreiningum og skipulegri skráningu, bókmenntirnar gjörbreyttust, þar sem þær losnuðu úr gömlu og stöðluðu formi og stíl og maðurinn sem sjálfráð skynsemisvera varð til. Við skulum byrja á því að litast aðeins um á þessum tíma og átta okkur á því hvaða straumar og stefnur leika um Svein Pálsson, hvernig skynjar hann heiminn í kringum sig, hvaða hugsanakerfi eru á sveimi í samfélaginu, hvernig upplifir hann sjálfan sig og hvaða þankar leita á hann þegar hann ritar Ferðabók sína og sjálfsævisögu.

Í Evrópu var margt á seyði á tímum upplýsingarinnar, (t.d. á Englandi sem oft er horft til): skólar, fangelsi, sjúkrahús, heilsuhæli, geðveikrahæli, munaðarleysingjahæli, verksmiðjur, leikhús, söfn (British Museum 1753), listasöfn, dagblöð, vörur og neytendur, lyf og almenn heilsufræði, samskipti og þjónusta verða atvinnugreinar. Og einstaklingshyggja verður til sem birtist td í því að það skríður undan feðraveldi og stéttaskiptingu, tíska losnar úr spennitreyju sektar og erfðasyndar, og þráin verður til í orðræðu og hugsunum fólks. Skilgreindur vinnudagur í kjölfar iðnubyltingar leiðir svo til þess að frítími kemur til sögunnar og menn njóta hans í lystigörðum, á torgum og kaffihúsum, menn fara að trúa á umbætur á samfélagi sínu, að þekking skili framförum og að Guð hafi fulla stjórn á skipulaginu og veraldarganginum (Porter, Enlight.:17-20). Mas. dauðinn hætti að vera ógnvekjandi uppgjör við lífið með upplýsingunni með tilheyrandi syndaregstri, erfðaskrá, og líkvökum og varð að svefni (Porter, Flesh 222) og það var læknisfræðin fyrst og fremst sem breytti ásýnd dauðans. Í stað mikilvægustu spurningar fyrri tíðar, hvernig verður sál mín hólpín, var spurt: hvernig verð ég hamingjusöm? (22). Í stað spákvenna, lófalesara og galdraseyða kom ný sýn á vísindi og náttúru, mælingar og greiningar (sjónaukar, smásjár, loftvogir, hitamælar, rakamælar...), kerfisbundin alfræði kom til sögu og Taflan (kem að því á eftir). Ljósið er alls staðar tákn upplýsingarinnar, ljós í myrkri fáfræði og upplýst fólk var skynsamt fólk en líka lýsing á götum úti og inni í húsum sem breytti miklu. Í þessari hringiðu stóð líka Sveinn Pálsson þegar hann kom til Kaupmh, fátækur námsmaður og furðaði sig örugglega á þessu öllu saman.

Franski fræðimaðurinn Michael Foucault (1926-1984) fjallaði um hugsunarsögu Vesturlanda og þmt upplýsinguna út frá aðferðum sem hann kallar Fornminjafræði í frægri bók sinni Orð og hlutir (1966). Þegar kenningar hans eru skoðaðar má finna góð rök með þeim og dæmi í íslenskum bókmenntum 18. og 19. aldar. Foucault heldur því fram að til sé eins konar ómeðvituð vídd eða kerfi sem stjórnir því hvernig fólk hugsar á tilteknum tíma og þessa vídd kallar hann á frönsku *epistème* sem hefur verið þýtt sem *hugsunarkerfi*. Það einkennist af hæfni mannsins til að nema/skynja raunveruleikann á hverjum tíma og tengist því heims- og sjálfsmynd manna náíð.

Hugtakið **líkindi (resemblances)** sem var lykill skynjunar. Heiminum var þá lýst út frá líkingum og endurtekningum, það gekk út á að leitast við að skipa hlutum saman og afhjúpa og túlka tengsl þeirra. Heimur endurreisnarmanna var því endalaust flókið og breytilegt mynstur þar sem hvað vísar og verkará annað með ósýnilegum hætti, t.d. jurt er notuð til augnlækninga því fræin líkjast augum. Hver panta og steinvala bjó yfir dularmagni sem hægt var að nýta sér til heilsubótar eða heilla eða EKKI að gera öðrum skráveifu, hjátrú og náttúrudulhyggja blómstrar í þessu hugsunarkerfi

Svo fer annað hugsunarkerfi í gang með upplýsingunni, **vísindalegt orsakalögmál** sem með kerfisbundnu skipulagi aðgreindra fyrirbæra er lagt til grundvallar við lýsingu og skynjun heimsins.

Þá er það **lýsingin (representation)** sem varð allsráðandi lykilhugtak sem réði skynjun manna og varð forsenda þekkingar um langt skeið. Allt skyldi flokkað og kerfisbundið, skoðað í ljósi mismunar og sérkenna.

En þessi tvö kerfi, endurreisn og upplýsing, líkindi og lýsing, skarast og rekast á í hugum fólks á þessum tímum og um það eru mýmörg dæmi í heimildum okkar, þótt Sveinn Pálsson sé td einlægur upplýsingarmaður er hann ekki alveg laus úr viðjum hugsunarkerfis endurreisnarinnar. Lítum nú á Ferðabókina.

Sveinn ferðaðist um Ísland á árunum 1791-94 og stundaði rannsóknir sem vörðuðu öll þrjú ríki náttúrunnar. Hann hafði skýr fyrirmæli um verkefnið sem var gríðarlega umfangsmikið og vandasamt og hann finnur alveg til vanmáttar síns, og segir t.d. um ferðina heim til Íslands frá Köben þegar hann er að fara að takast þetta verkefni á hendur: „Mjög fátt gerðist í ferð þessari fyrir náttúrufræðing, **sem svo á að heita, jafnvel þótt ekki sé nema að nafninu til**“ (7). Hann fór í langar og erfiðar ferðir í kulda og bleytu, hann var oft hætt kominn vegna illviðra og tjald hans fennti í kaf, hestarnir drápu, fylgdarmennirnir veiktust og hann sjálfur, farangurinn rennblotnaði. Hann þurfti auðvitað margoft að fara yfir óbrúuð stórfliót þar sem vatnsflaumurinn náði honum í herðar. Hann hlýtur að hafa verið heljarmenni, en hrakningar, ofkæling og vosbúð, og lítill svefn tóku reyndar sinn toll af heilsu hans. Til rannsókna sinna hafði hann nauman fjárfstyrk og enga aðstöðu til að fylgja þeim eftir. Í upphafi ferðabókarinnar telur hann td upp þau áhöld sem hann hafði keypt til ferðarinnar og verða þau að teljast ansi fátækleg.

Sveinn var mikill fjallgöngumaður en á hans tíð þóttu slíkar göngur óðs manns æði, bæði hér á landi og erlendis. Hann hafði jafnan með sér oddhamar á ferðum sínum og með honum klappaði hann fangamark sitt og ártal á tiltæka steina og tinda. Þessi spor í íslensku landslagi sem Sveinn Pálsson skildi eftir sig hafa ef til vill bætt honum upp hversu lítið fór fyrir honum í þjóðlífinu. Því þótt Sveinn væri einn lærðasti maður sinnar samtíðar, landskunnur sem „læknirinn í Vík“ og í kunningsskap við helstu virðingar- og lærdómsmenn landsins þá kvað ekki mikið að honum í samfélaginu. Sennilega hefur þar komið til annríki við dagleg læknisstörf, endalaust peningabasl, eðlislæg hlédrægni og síðast en ekki síst eitthvert hik, ósjálfræði og beiskja vegna eigin örlaga sem urðu önnur en hann hefði kosið og ég kem að hér á eftir örstutt í tengslum við sjálfævisöguna.

En víkjum nú aftur að Foucault sem er orðinn óþreyjufullur að heyra hvernig hugsunarkerfin hans birtast í Ferðabókinni. Ferðabókin samanstendur af **lýsingum** á landslagi, dýralífi, náttúru og veðurfari. Lýsing Sveins á hnísuhræi er td mjög skýr og ber öll merki vísindalegrar upplýsingar.

En það sem einkennir mjög þekkingu og skynjun upplýsingamanna skv Foucault er greiningarárátta,

flokkun og skipulag, samfelld kerfi hluta er búið til og virkar í hugum fólks, einskonar algild sannindi, hreyfingarlaus og tímalaus eru stimpluð inn. Upp af þessu sprettur Taflan sem Foucault kallar svo eða Alfræðin, þar sem tungumálið verður að ek lýsingarkerfi. Kerfi í töflu er öryggi, fullvissa um skipulag, trygging fað engin óreiða ríki. Upplýsingin er einmitt tímabil alfræðinnar miklu, orðabókanna og vísindasafnritanna.

Alfræðin eða taflan byggir á einfaldleika, hún birtir þekkingu í ljósi mismunar og sérkenna. Eitt dæmi um sona töflu fáum við hjá sænska grasafræðingnum Carl Linneusi 1707-1778). Í frægu verki sínu *Systema Naturae* bjó hann til flokkunar- og stigveldiskerfi fyrir plöntur og dýr og einfaldaði td latnesku heitin verulega (binominals). í hans augum var kerfið kyrrstætt, náttúran var sköpuð fyrir manninn og hægt var að lesa náttúruna eins og bók/Bíblíuna, bara að skrifa hana upp. Sveinn skrifaði stutta ritgerð eða skrá um flokkun plantna og fór eftir kerfi Linneusar (flokkaði eftir fjölda fræflunga, á latínu, tvínefni). Skráin sem heitir Flora *Efri-Skaulana*, er tafla um þær plöntur sem hann safnaði og greindi sumarið 1796 í túninu heima, Ysta Skála undir Eyjafjöllum (698-703). Smá útúrdúr: Það hefur ekki verið létt verk að vera náttúrufræðingur á Íslandi, í lokin skrifar hann: „Erfitt er einnig að nafngreina grösin með fullri vissu á túnnum hér á landi, því að þau eru slegin áður en grösin blómgast“(703).

Í samantekt Sveins í Ferðabókinni á Gullbringusýslu og Hegranesþingi/sýslu eru lýsingin, alfræðin og taflan að verki. Hann stillir þessum tveimur sýslum upp sem andstæðum, út frá fof landslagi og innræti íbúanna. Eggert og Bjarni lýstu líka líkamsatgervi fólks í Ferðabók sinni og töldu það mjög mismunandi eftir héruðum. Lýsingar Sveins eru ansi grimmar í garð Sunnlendinga:

Gullbringusýsla

Landslag

frámunalega ljótt

óreglulegir hnúkar og hæðir

engir skógar

svartar, eldbrunnar hlíðar

ekkert rennandi vatn

engin hlunnindi

aflasæld

íbúar

dramblátir, eigingjarnir, ógestrisnir, óhreinskilnir við yfirvöld,

málfar blandað erlendu kámi

uppivöðslusemi

kaffi- og brennivínsdrykkja

blótsyrði

óskilgetin börn

barnadauði

lágur meðalaldur

sjúkdómar

íburðarlítill klæðnaður

ljótur faldur

afleit húsakynni

viðbjóðslegur óþefur

stéttir (a-i)

íðjusemi og ástundun minni en til sveita

Hegranessýsla (Skagafjarðarsýsla)

Landslag

fegursta og samfelldasta hérað á „Íslandifremur feitur og frjór jarðvegur, lyngi vaxinn

votlendi, sléttlendi ekki grýtt

þurrt og blásið við sjóinn

klettóttir ásar

þverár og smálækir

ekki búsældarleg en góðir landkostir

engin skipalægi

íbúar

minni manndauði

vanir ferðalögum

frjálslegir

fljótir til og opinskáir í viðmóti

ósvikinn hermennskubragur, óttaleysi (mistúlkað)

hugrakkir, opinskáir, örlyndir, alvarlegir, gðfuglyndir

réttsýnir og gestrisnir (nema í grennd við Hofsós)

saugast af samskiptum við útlendinga, ósnortin alþýða

héraðspótti

hreinslátir og hirðusamir

snotur sníð á klæðnaði og indigo-litir

skraut

fallegur faldur

Í sýslulýsingunum birtast vel kunnar og margafturgengnar hugmyndir fyrri alda, sem eiga rætur að rekja til gamallar hugmyndafræði, flökku- og goðsagna sem ganga ljósum logum í landfræðiritum og ferðasögum í aldanna rás. Þær minna loftslagskenningu Montesqieu (um kaldrifjaðar og blóðheitar þjóðir). Hrepparígurinn er hér í algleymingi. Þarna kemur líka greinilega fram sú gamalgróna hugmynd að fólk við sjóinn sé ekki eins vel siðað og sveitamenn og að fólk saugist af umgangi við

erlendar þjóðir. Helstu andstæðurnar sem birtast eru:

norður – suður

sveit – sjávarsíða

fegurð – ljótleiki

íburður - fátækt

frjósemi – svartar auðnir

hreint – óhreint (þvottur – daunn)

útlent – þjóðlegt

Einnig andstæðurnar frjálslegur og heimóttarlegur, innlend og erlend áhrif, ósnortinn og saurgaður, úrhak verzlunarþjóðar og alþýða landsins. Íbúum sýsnanna tveggja er lýst kerfisbundið að hætti upplýsingarinnar, þeir fá tiltekin einkenni og samanburður í ljósi mismunar veitir eina svarið sem tekið var gilt. Flokkunarkerfið hefur á sér hlutlægniýfirbragð; þetta er vísindaleg tafla yfir eiginleika íbúa tveggja landshluta, hún dregur upp mynd af skipulagi eða veruleika þar sem allt er bundið saman í algilt kerfi. En þegar að er gáð úir og grúir af frekar óvísindalegum fordómum og klisjum sem jafnvel eru að verki í huga okkar enn í dag, um td. sveit og borg..

Og Sveinn er kominn langt frá hugsunarhætti endurreisnarinnar þegar hann leitar skýringa á huldumannakaleiknum á Breiðabólstað. Kaleikur þessi var með svörtum bletti til auðkennis og drykkju menn af honum læknuðust þeir af hugsýki, segir sagan. En vísindamaður upplýsingarinnar gengst ekki inn á forsendur þjóðsögunnar: „Ég sá þennan kaleik og get ekki álitid annað en svarti bletturinn hafi komið, þegar fóturinn var kveiktur við bikarinn, og má vera, að við það hafi verið notað eitthvert efni, í staðinn fyrir bórax, sem gekk greiðlegar í samband við silfrið. Annars má skafa blettinn af með hníf“ (I:231). Sveinn er sannur upplýsingarmaður sem vill mennta alþýðuna, losa hana úr viðjum hjátrúar og hindurvitna og leita jarðbundinna skýringa.

Jón Eypórsson, einn þýðenda ferðabókar Sveins, segir að Sveinn hafi „hatað hjátrú“.¹ Það viðhorf get ég ekki fundið í Ferðabókinni. Sveinn trúir ekki neinu sem hann getur ekki sjálfur sannprófað en afstaða hans til hjátrúar er langt frá því að vera ofstækisfull heldur er hún miklu frekar mild og raunsæisleg. hann segir td: „Alþýða manna hér á landi kennir alla (slíka) bráða sjúkdóma fjandanum og illum öndum, líkt og annars staðar er títt, enda vita þeir ekki hinar réttu orsakir sjúkdómanna“ (94). Úr skrifum Sveins má lesa einföld skilaboð, fólk vantar upplýsingu. Sjálfur er hann oft tvístígandi. sjálfur báðum áttum um hvað í náttúrunni megi tengja saman og hvað ekki: „Það er áreiðanlegt, að það veit á hvassviðri, þegar mikil ólæti eru í hrossagauknum á kvöldin og framan af nóttu“ (I:58) skrifar Sveinn eins og gamall endurreisnarmaður. Skrýtið dýr, með eitthvað sem líktist selshaus, fór á kaf og skaut upp kryppu í á, fólk sagði að þetta væri algengt á undan illviðri og þá skrifar Sveinn: „En hversu furðulegar sem þessar sýnir mega virðast, þá er hitt samt ennþá furðulegra, að slík dýr skuli aldrei hafa náðst né fundizt rekin á þurru landi eftir umbrot í ánum o.þvl. Eiga menn að skella skollaeyrum við öllu slíku sem heilaspuna og hjátrúargrillum?“

Hann á skiljanlega erfitt með að koma saman þeirri vísindalegu heimsmynd sem honum var kynnt í Háskóla og hann hallast að, og náttúrunni sem sköpunarverki guðs.

¹ Sjá Jón Eypórsson. 1983:XXXI.

Víkjum nú að sjálfsævisögu Sveins en hún er örstutt og kjarni hennar kristallast í einni setningu á bls ellefu: Hann „lét varpast í forlaganna rífandi straum“². Sveinn ritaði sjálfsævisögu sína síðasta veturinn sem hann lifði og hún er ófullgerð og endar 1828. Hann náði t.d. ekki að skrifa neitt fallegt um eiginkonu sína, Þórunni Bjarnadóttur Pálssonar en hún andaðist 11 apríl 1836 úr því sem Sveinn nefnir garnengju, (garnaflækju), eftir langa legu og í ritgerð um íslensk sjúkdómanöfn segir Sveinn: Þennan viðbjóðslega og pínufulla sjúkdóm hafa inir gömlu kallað miserer eðr miskunn þú) xxviii.³ svo við getum ímyndað okkur þjáningarnar sem hún hefur gengið í gegnum og angist Sveins að geta ekkert líknað henni. Hann ritar sjálfsævisöguna í 3. persónu, hann horfir á sjálfan sig úr fjarlægð og býr til karakter sem er hrekkláus í mótlæti lífsins, treystir forlögnum en hefur svo orðið fyrir vonbrigðum. Maðurinn er á þessum tíma að verða til sem sjálfsvera sem er ekki komin alveg upp á yfirborðið, hún er hikandi og feimin. Undir merkjum játningar, píslarvættis og kristilegs meinlætis rita menn sjálfsævisögur sínar og bréf í þeirri trú að hægt sé að segja sannleikann um sjálfan sig. Foucault hefur stúderað þetta og kallar það sjálfstækni. Fyrir upplýsinguna ríkti ósjálfræði í huga fólks, menn höfnuðu sjálfinu og hlýddu yfirboðurum sínum, sættu sig við vald og skelltu skuldinni á aðra ef ekki rættist úr. Síðan fer að örla á nútímalegu viðhorfi eða viðleitni til að nota hyggjuvit sitt í anda upplýsingarinnar: *Sapere Aude!* Samt má skýrt greina í sjálfsævisögum fleiri upplýsingarmanna en Sveins (Msteph, Jón Esp) að þeir eru eins og óvirkir áhorfendur, þeir hika, taka ekki af skarið eða bera ábyrgð á eigin lífi. Lítum nú betur á sjálfsævisöguna.

Sveinn gerir grein fyrir sér sem elskuðu og þekku barni, sérlega námfúsum pilti í Hólaskóla Hann var svo við nám hjá Jóni Sveinssyni landlækni í Nesi á Seltjarnarnesi og lynti þar einstaklega vel við alla í læknishúsinu en segir „þó sumir fyndust, er heldur álitu hann kænán en hitt, bæði þá og oftár síðan“ og ýjar þar að þeirri vondu tilfinningu sem oft leitaði á hann, að hann væri ekki metinn að verðleikum. Jón bauð Sveini svo að halda áfram námi á Íslandi eða fara utan og valdi Sveinn að fara þótt fátækur væri. Hann stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla í fjögur ár og hugðist ljúka heimspekiþrófi sem tryggði námsstyrk í 5 ár og jafnvel eitthvað áfram, en var talinn af því, m.a. af Magnúsi Stephensen. Hann lauk því aldrei embættisþrófi í læknisfræði sem gerði honum erfitt fyrir síðar og þýddi að hann aldrei komst út úr fátæktinni. Hann segir: „Forlögin rjeðu, því náttúra mannsins var þangað til, að taka því sem sjálfkrafa byðist, en ala ei önn annars morguns! (15).

Ólíkt hafast þeir að, Magnús Stephensen og Sveinn, sem voru samtíða í Höfn og rituðu sjálfsævisögur sínar á efri árum, Magnús að kaupa sér föt og glingur, dreypa á madeira, sækja tónleika og leiksýningar en Sveinn lét eftir sér einstaka leikhúsferð og blöskraði sumum bruðlið, segir hann (17). Hann segir það sárt: „*Að geta ekki aldurs, tíma og fátæktar vegna tekið ofurlitla hlutdeild í neinu af því ótölulega marga indæla og undir eins veglega, t. d. söng og hljóðfæralist, dansi, lifandi tungumála iðkun, nytsömum reisu til lands og sjáar, teiknaralist og s. fr., samt fátt eitt sjeð af þeim ótölulega konstverkafjölda, er í því líkum stöðum og löndum standa til boða, og oss íslendingum ei oftár býðst, vera þó ekki óupplagður til margs af því, hvað fleirum er virt til óstöðugleiks, sínir því líkum fyrst fyrir alvöru hvað bágst sje að vera fátækur*“ (17).

² Sveinn Pálsson 1929. Ársrit hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn. 10. árgangur, bls. 11. (http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=2410921)

³ Um Þórunni: ...ung, frændrík og tápmikil heitmey (Jón Eypórsson, 1983: xxiv) „Sveinn var líka búinn að reyna pretti af stúlkun, efnilegri og ekki fátækri, við hverja honum varð vel síðasta vetur hans í Hólaskóla; en þá hann tók fyrir sig að fara suður að Nesi, brá hún vináttu við hann, eignaðist umkomulítinn prest í Fljótum, sem ei varð langlífur“ (32).

Vini átti Sveinn fáa í Höfn, bæði vegna anna og fátæktar, en getur sérstaklega vinfengis við Stefán Stephensen, **og þess** að þeir voru af ólíkum stigum. Sveinn telur nefnilega að yfirstéttin, menntuð og rík, eins og t.d. Magnús, hafi ekki kært sig um alþýðumenn í sínum röðum, fátæka sveitadurga sem hefjast upp af eigin verðleikum en ekki fyrir efni sín og ættgöfgi:

*Hans aðalfeil sýnist um þessar mundir hafa verið: að taka of einfaldlega og trúgirnilega því, sem næst var hendinni, án mæðandi íhugunar þess ókomna og útfallsins. En reynsluleysi, ókunnugleiki, skortur óhrekkvísra og eldri leiðsagnara, sem ekki stóðu þá fátækum til boða, **en hvötur hinna, er máské vilja flesta minni sjer**, olla nú þá svo á stendur einatt misjöfnu. ... hefði nokkur í fyrstu sagt honum, sem satt var, að á 3-4 árum var og er máské enn hægt að ná attestats í medicin með æru við universitetið, þá gat skeð, að honum á eftir hefði hlotnast æðri vegur eður arðmeiri embættistrappa í því mediciniska en hann síðan hlaut. En hvað hægt er ekki að sjá þetta og annað á eftir og segja, — en hver vogar það afgjört? — að hann með áðursögðu og eftirfylgjandi hafi forspilað sinni lukku? Honum var aldrei kent að trúa á hana, heldur á guð.*

Í ellinni lítur Sveinn yfir farinn veg og telur að gæfan hafi þarna snúið við honum baki, hann hafi veirð leiksoppur örlaganna, saklaus sveitadrengur sem hlýddi vondum ráðum, að sjálfstæðar ákvarðanir hafi ekki verið honum eðlislægar heldur trúin á guð og að fátæktin hafi alltaf verið honum fjötur um fót. Hann dreymdi um frama, tíma til að sinna áhugamálum sínum og betri fjárráð en draumar hans rættust ekki. Seinna segir Sveinn allt þetta hafa valdið sér þunglyndi, angursemi og depurð. Framantil og út á sumarið [17]95 var Sveinn oft í þungum þönkum um líf sitt (30)... en segist „alvanur að fela sig forlaganna herra“ (32). Ósjálfræði hans birtist vel þegar hann lætur tilleiðast að gifta sig 1795 og stofna bú skv. ráðum sýslumanns Thorarensens (30), þá eru vonir hans um náms- og embættisframa endanlega brostnar. En að hætti upplýsingarmanna er ábyrgðin ekki hans sjálfs heldur eru fortölur annarra, guð og forlögin sem stjórna því hvernig lífsgangan er. Hjónaband hans var þó farsælt og barnmargt en þegar vonbrigðin heltaka hann þarf þórunn að taka á honum stóra sínum, einu sinni þurfti hún að sækja hann annan bæ þar sem hann hafði lagst í kör af sorg og þunglyndi yfir sínum hlut. Já lífið var ekki auðvelt hjá Sveini Pálssyni.

Ég hef hér stiklað á mjög stóru um upplýsinguna á Íslandi, þetta litríka og merka tímabil, og skoðað stöðu og þankagang okkar ástkæra Sveins Pálssonar eftir því sem ég kemst næst með að rýna í hvernig ummerki hugsunarkerfa Foucaults birtast í verkum hans. Við sjáum hvernig háskólagenginn og margfróður skynseminstrúarmaður sveiflast á milli lærðrar vísinda- og rökhyggju og þeirra þjóðtrúar og náttúrudulhyggju sem hann er alinn upp við. Við sáum hvernig lýsingin er lykilhugtak í hugarfarinu hvernig alfræðin eða taflan verkar á hugsunina, trúin á að hægt sé að safna þekkingu saman, lýsa henni með orðum sem tákni hlutina á gagnsæjan hátt og koma þannig böndum á heiminn, trúa að allt sé eins og það á að vera.

Við sjáum hvernig hæfileikaríkur maður eins og Sveinn, harðduglegur og bráðgáfaður, glatar tækifærum til fjár og frama með því að láta varpast í forlaganna straum í stað þess að stjórna lífi sínu sjálfur. Dæmi um þetta má víða finna í verkum hans. Við endum á annál eða Anniversariu frá 1797 sem birt er í Ferðabókinni. Þar þylur hann upp hvernig hann sér fyrir sér stöðu landlæknis á Íslandi þróast í framtíðinni en klykkir svo út með: En til hvers er að dvelja við slíka dagdrauma! (707). Þar með er málið dautt og hann heldur áfram að streða, stúdera, lækna, þýða og skrifa og - basla inn í eilífðina.